

Þann 31. des. 1949 fór stefnandi með fjárráð alls búans og kom fram sem eigandi þess út á við. Hér var um sérstaka tegund sameignar að ræða, en ekki virðist unnt að telja slíkt fyrirkomulag fjármála félag. Fyrirkomulag þetta var aðeins til bráðabirgða og með búsetuleyfinu fékk stefnandi viðtæka heimild til ráðstöfunar á eignum búans. Þessa heimild fékk hún að eigin ósk og með samþykki lögráðamanna hinna ófjárráða barna sinna. Búsetuleyfi stefnandi útilokaði skuldheimtumenn samerfingja hennar frá því að leita fullnustu í eignarhluta þeirra í búinu til greiðslu á gjöldum þeirra. Þegar þetta allt er virt svo og gætt markmiðs ákvæða laga nr. 22 frá 1950, þeirra, er um stóreignaskatt fjalla, þá verður að telja rétt, að stefnandi greiði stóreignaskatt af öllum eignum búans, enda hefur hún ein heimildir til að inna af hendi gjöld af því fé.

Með vísan til þessa verður að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Með hliðsjón af málsatvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem umboðsdómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra 16. júlí 1952.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandi, Sigurbjargar M. Kristófersdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 27. febrúar 1953.

Nr. 169/1949. **Lögreglustjórinn á Akureyri og Kristján Kristjánsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Óskari S. Sigurgeirssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Réttur til einkennismerkis bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. des. 1949. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir dæmdir sýknir af kröfum stefnda í málinu. Svo er þess og krafizt, að stefnda verði dæmt að

greiða Kristjáni Kristjánssyni málskostnað í héraði og áfrýjendum báðum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendum verði gert að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Áður en Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður afskráði bifreið stefnda A 2 og afhenti öðrum skrásetningarmerki hennar, átti hann samkvæmt 6. mgr. 17. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 að veita stefnda hæfilegan frest til þess að fá ökuhæfa bifreið, er hann ætti, skráða með þessu merki. Skorti því lagaskilyrði til að svipta stefnda skrásetningarmerkinu með þeim hætti, sem gert var, og þykir hann eiga rétt til þess að fá það aftur, ef hann sannar innan hæfilegs frests, sem lögreglustjóri setur honum, að hann eigi skrásetningarhæfa bifreið, sem hann vilji setja merkið á. Þykir því verða samkvæmt kröfu stefnda að dæma áfrýjanda Kristjáni Kristjánssyni skyld að skila skrásetningarmerkinu A 2 til lögreglustjóra. Hins vegar verður ekki talið sannað í máli þessu, að bifreið stefnda, sem ber merkið A 2, hafi verið komin í það lag, að skyld sé að skrá hana af nýju. Ber því að sýkna áfrýjanda lögreglustjórann á Akureyri að svo stöddu af kröfu stefnda um, að hann skrái nefnda bifreið á bifreiðaskrá Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði. Eftir úrslitum málsins og þar sem áfrýjandi lögreglustjórinn á Akureyri hélt ekki upp vörnum í héraði, þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, lögreglustjórinn á Akureyri, á að vera sýkn að svo stöddu af kröfu stefnda, Óskars S. Sigurgeirssonar, um að bifreið stefnda, sem áður bar skráningarmerkið A 2, verði skráð af nýju á bifreiðaskrá.

Áfrýjanda, Kristjáni Kristjánssyni, er skyld að skila skrásetningarmerkinu A 2 til lögreglustjóra Akureyrar.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað.

Áfrýjendur greiði stefnda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 1. okt. 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. f. m., hefur Óskar S. Sigurgeirsson, Strandgötu 11, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 30. okt. f. á., — að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan —, gegn Friðjóni Skarphéðinssyni bæjarfógeta, „sem yfirumsjónarmanni með skráningu og afskráningu bifreiða á Akureyri“, þ. e. sem lögreglustjóra, og Kristjáni Kristjánssyni forstjóra, Brekkugötu 4, Akureyri, til þess að fá þá dæmda, að viðlögðum hæfilegum dagsektum að mati dómars, frá birtingu dóms að telja, til þess að afhenda honum bifreiðaskrásetninganúmerið A 2 á „Dixie-Flyer“ bifreið, sem hann nú á. Einnig krefst Óskar S. Sigurgeirsson þess, að Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti og Kristján Kristjánsson verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða mati dómars.

Vegna tengsla við málið vék hinn reglulegi dómari Friðjón Skarphéðinsson þegar í fyrsta þinghaldi, hinn 1. nóvember s.l., dómarsæti í málinu. Dómsmálaráðuneytið skipaði því næst með bréfi, dags. 15. nóvember, Björn Halldórsson lögfræðing, Akureyri, til þess að fara með og dæma mál þetta. — Um það leyti, er Björn skyldi hefjast handa við málið, tilkynnti Friðjón Skarphéðinsson honum, að hann, (þ. e. Friðjón) myndi ekki sækja dómþing í málinu. Í þinghaldi hinn 11. desember færði umboðsmaður stefnanda kröfugerð af sinni hálfu í það horf, að Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti verði, að viðlögðum hæfilegum dagsektum að mati dómars, dæmdur til að taka bifreiðina „Dixie Flyer“, eign sækjanda, aftur inn á bifreiðaskrá Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar undir téðu númeri, enda heimild Kristjáns Kristjánssonar til bifreiðanúmersins hnekkð með dóminum, en málskostnaðarkrafa óbreytt. Af hálfu varnaraðilja beggja var lýst yfir samþykki þess, að málið yrði rekið samkvæmt hinni endurnýjuðu kröfugerð. Ennfremur lýstu allir málspartar yfir því, að þeir teldu útilokað, að sáttaumleitun fyrir sáttanefnd um hina endurnýjuðu kröfugerð myndi bera árangur. Var Friðjón Skarphéðinsson viðstaddur dómþing þetta, meðan þessu fór fram, en hefur að öðru leyti haldið fast við upphaflega ákvörðun sína um afskiptaleyzi af málinu. Endurnýjuð sáttaumleitun fór fram 14. desember á dómþingi, en varð árangurslaus. Umboðsmaður Kristjáns Kristjánssonar krafðist frávísunar málsins, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði þessa dóms hinn 15. janúar, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 25. febrúar.

Ennfremur hefur Kristján krafizt þess, að dómkröfum sækjanda verði hafnað og honum tildæmdur málskostnaður.

Með því að lögreglustjóri, sá hinna tveggja varnaraðilja, er einn hefur ráðstöfunarrétt sakarefnis, hefur ekki sótt þing, verður mál þetta dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum, þó svo, að kröfur þær, sem löglausar kunna að virðast, verða ekki teknar til greina. Gerist því þörf athugunar málsatvika og laga.

Málsatvikum er svo lýst: Í septembermánuði árið 1926 eignaðist sækjandi þessa máls, Óskar S. Sigurgeirsson, fólksbifreið af tegundinni „Dixie Flyer“ með skrásetningarmerkinu A 2 og hefur bifreið þessi ætíð síðan verið í eigu hans. Bifreiðin hefur síðari árin a. m. k. lítið eða ekki teljandi verið notuð, og aðeins einu sinni á síðastliðnum 12 árum (sumarið 1941) verið færð til hinnar árlegu bifreiðaskoðunar. Hins vegar hafa jafnan verið greidd af henni lögboðin gjöld á hverjum tíma. Líður svo þar til í september 1948, er Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður, hér í bæ, afmáir bifreið þessa af bifreiðaskrá embættisins og úthlutar þegar á eftir Kristjáni Kristjánssyni, bifreiðaeigenda hér, merkinu A 2 til notkunar á nýja bifreið, sem þó var ekki tekin í notkun, sbr. dskj. 37, fyrr en 15. maí. Afskráninguna framkvæmdi bifreiðaeftirlitsmaðurinn, án skoðunar á bifreiðinni og án undangenginnar aðvörunar. — Eftir á kveðst sækjandi ekki heldur hafa fengið neina tilkynningu um gerð þessa, unz samstarfsmaður Snæbjarnar, lægra settur, hafi skýrt föstursyni sækjanda frá afskráningunni að gefnu tilefni. Á dómsskjali 15 réttlætir eftirlitsmaðurinn afskráningargerðina með því, að bifreiðin hafi svo lengi ekki komið til skoðunar sem og hinu, að viðhald hennar sé sérstökum annmörkum háð vegna skorts á varahlutum, sérstaklega gúmmí fyrir þessa bifreiðategund, sem nú sé úrelt. Hins vegar er þessu af hálfu sækjanda mótmælt í aðalatriðum, sbr. einkum dómsskjal 20, og lögð áherzla á, að bifreiðaeftirlitsmanni beri í slíkum tilfellum að gæta reglunnar í síðustu málsgrein 17. greinar bifreiðalaga, áður en hann ráðist í að afskrá bifreið og afhenda öðrum skrásetningarmerki hennar.

Um ástand bifreiðar þeirrar, er hér um ræðir, hafa farið fram gagngerðar eftirgrennslanir og athuganir við rekstur málsins.

Tveir bifvélavirkjar, þeir Lúðvík Jónsson og Jóhannes Kristjánsson, sem kynnt höfðu sér ástand bifreiðarinnar án dómkvaðningar, komu sem vitni fyrir dóm og staðfestu það álit sitt, að bifreiðin væri ökufær. Þessu vætti mótmælti umboðsmaður meðstefnda Kristjáns Kristjánssonar, Bragi Svanlaugsson bifvélavirki, sem einnig sótti bæjarþing sem vitni, telur hins vegar bifreiðina óforsvaranlega til skráningar. — Að lokum hafa dómkvaddir skoðunarmenn, þeir bifvélavirkjameistararnir Guðmundur Halldórsson og Jónas Hallgrímsson, talið bifreiðinni ávant um nokkur atriði, sam lagfæra þurfi, svo að hún sé ökufær. Að áætlan Guðmundar er þessi lagfæring um 4 daga vinna fyrir 2 menn (bifvélavirkja), enda engir sérstakir erfiðleikar á útvegum efnis, er til þarf. — Skoðunarmenn taka fram, að bifreiðin láti vel að stjórn, sé stöðug í gangi, gearskipting góð og bremsur góðar. Virðast þeir hafa framkvæmt skoðunina nákvæmlega, m. a. ekið bifreiðinni á mikilli ferð og athugað loftþrýsting í hjólum. Telja þeir ekkert athugunarvert með síðast talda atriðið, en taka fram, að á

hjólborðum hafi þeir ekki sérþekkingu. Um hjólbarðana er annars það að segja, að í málinu liggur fyrir skýrsla hjólbarðasmiðs, Sigurðar Baldvinssonar, er telur þá samkvæmt athugun sinni í nothæfu ásigkomulagi.

Samkvæmt 3. kafla laga nr. 23 frá 1941 skulu allar bifreiðir, er nota skal hér á landi, skráðar í bifreiðaskrár undir umsjón lögreglustjóra með aðstoð bifreiðaeftirlitsmanna og undir yfirmsjón dómsmálaráðherra. Skráning bifreiða er þannig skilyrði fyrir notkun hennar. Réttur til að nota bifreið hér á landi verður að teljast hverjum þjóðfélagsþegn tryggður innan ákveðinna öryggistakmarkana, er lög setja, þannig að yfirvöldum sé óheimilt að synja af handahófi skrásetningar á bifreið. Má telja, að hér komi svipað sjónarmið til greina og við skráningu skipa, þótt bifreiðalögin séu fáorðari um rétt manna til skráningar en skipaskráningarlögin.

Með tilliti til þess, sem áður segir um ástand bifreiðar sækjanda, verður dómariinn að fallast á, að afskráning, sem varð efni til málssóknar þessarar, hafi verið óheimil gagnvart sækjanda, enda gerð án undanfarandi athugunar á bifreiðinni. Þótt bifreiðin væri ekki notuð árum saman, verður með engu móti séð, að nokkurt óhagræði stafaði af því fyrir skráningarvaldið að leyfa henni að standa framvegis á bifreiðaskrá, enda tekjur af henni í ríkissjóð, þótt ónotuð yrði. Má ætla, að notkunarleysi hennar standi að nokkru í sambandi við aldur og heilsubilun eigandans. Bifreiðin er ein elzt nothæfra bifreiða hér á landi og hefur lengst af verið í eigu sækjanda. Verður því skiljanlegt, að bæði bifreiðin sjálf og einkennisteikn hennar hafi minjagildi fyrir eigandann, þótt efnislegir hagsmunir hans með notkun hennar gætu virzt óverulegir. Virðist síður en svo — að nauðsynjalausu — ástæða hafa verið til að raska höfum sækjanda, með því að afskrá bifreið hans, sem gert var.

Því verður krafa sækjanda um endurskráningu bifreiðarinnar tekin til greina.

Að því er viðkemur því atriði dómkröfunnar, að bifreiðin hljóti við endurskráninguna sama einkenni (A 2) og hún áður hafði, verður að telja þá úrlausn eðlilegasta og sanngjarnasta út frá fyrirtæðum ástæðum (minjagildi), enda ekki sjáanlegt, að skrásetningarvaldsmönnum stafi af því nokkur teljandi bagi. Kemur hér einnig til álita, — til styrktar þessari ályktun —, þótt í litlu sé, að bifreiðaeigendum ber að gjalda fé fyrir ný merki, án þess að fá það endurgreitt, er þeir af einhverjum ástæðum leggja niður notkun þeirra. — Hagsmunir þeir, er meðstefndi Kristján Kristjánsson kynni að virðast eiga í sambandi við handhöfn einkennisins A 2 sem stendur, mega heldur engu breyta um þessa niðurstöðu, þegar af þeirri ástæðu, að hann, sem áður getur, fer ekki að nota einkennið fyrr en löngu eftir að mál þetta er höfðað og honum til stefnt og eftir að Hæstiréttur hafði kveðið upp dóm þess efnis, að málsefnið skyldi hlíta úrlausn dómstóla.

Ákvörðun dagsekta til tryggingar fullnægingu dómsins þykir dómara ekki viðeigandi né þarfleg að svo vöxnu máli, enda virðist dómsákvörðunin framkvæmanleg með beinum aðgerðum eftir aðfaralögum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður að dæma Friðjón Skarphéðins-son lögreglustjóra til greiðslu málskostnaðar, sem ákveðst eftir atvikum kr. 300.00 til handa sækjanda.

Meðstefndi Kristján Kristjánsson verður ekki dæmdur til málskostnaðargreiðslu, þar eð hann hefur ekkert forræði sakarefnis, þótt stefnt hafi verið til þess að heimild hans til bifreiðaeinkennisins A 2 yrði hnekkt, en slíkt er vissulega bein afleiðing niðurstöðu þeirrar, er að ofan greinir. — Heldur ekki verður Kristjáni Kristjánssyni tildæmdur málskostnaður, sem hann hefur krafizt, þar eð vissulega má telja eðlilegt, að honum væri stefnt til gæzlu hagsmuna sinna, sem hann hlýtur að telja einhverja vera samkvæmt því, sem hann hefur til mála lagt. Málskostnaður fellur því að öðru leyti niður í málinu.

Dráttur á uppkvaðningu dómsins stafar af annriki dómarans við ýmis aðkallandi störf við atvinnu hans.

Dómsorð:

Lögreglustjóranum á Akureyri, Friðjóni Skarphéðinssyni, ber að færa hina umræddu Dixie Flyer bifreið Óskars S. Sigurgeirssonar inn á bifreiðaskrá embættisins af nýju undir hennar fyrri skrásetningarmerki, A 2, enda skal Kristjáni Kristjánssyni þar með óheimil notkun téðs merkis (númers).

Lögreglustjórinn greiði Óskari S. Sigurgeirssyni 300 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. marz 1953.

Nr. 92/1952. **Pétur & Valdimar h/f** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

**Stefáni Rósantssyni og Hrossasölusambandi
Skagfirðinga og Húnvetninga**
(Ragnar Jónsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótamál. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. maí 1952, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1952 og